

## GJALDSKRÁ

### fyrir hirðingu, móttöku og eyðingu sorps í Dalabyggð.

## 1. gr.

Sveitarstjórn Dalabyggðar er heimilt, í samræmi við 7. gr. samþykktar nr. 171/1995 um sorphirðu í Dalabyggð, að leggja á sérstakt gjald vegna hirðingar og eyðingar sorps (sorggjald) í Dalabyggð.

## 2. gr.

Gjald vegna hirðingar og eyðingar sorps er árlega sem hér greinir:

		<i>Sorphirðu-</i> <i>gjald</i>	<i>Sorpeyðingar-</i> <i>gjald</i>	<i>Samtals</i>
a) Íbúðir í þéttbýli	kr.	28.293	14.140	42.434
b) Aukasorpilát í þéttbýli	kr.	14.091	7.042	21.133
c) Íbúðir í dreifbýli og frístundahús	kr.	14.618	7.306	21.924
d) Bújarðir eða býli með atvinnustarfsemi	kr.	28.293	34.650	62.944

Innifalið í gjaldi skv. lið d er gjald vegna hirðingar og eyðingar á dýrahæjum.

Gjald þetta skal innheimta með fasteignagjöldum ár hvert.

## 3. gr.

Gjaldskrá söfnunarstöðvar í Búðardal er sem hér segir:

<i>Flokkur</i>	<i>kr./kg m. vsk.</i>	
Pressanlegur úrgangur		22,73
Ópressanlegur úrgangur		34,10
Málað timbur eða plasthúðað		34,10
Óflokkaðir málmar		5,70
Blandaður pappír		25,04
Dagblöð og tímarit		25,04
Plastumbúðir, harðplast		22,73
Fatnaður		21,65
	<i>m<sup>3</sup></i>	<i>kr. m. vsk.</i>
Móttökugjald fyrir stakan farm	0,25	1.196
	0,5	2.391
	0,75	3.587
	1	4.782

Gert er ráð fyrir að komið sé með flokkað sorp á söfnunarstöðina að öðrum kosti greiðist 20% álag á ofangreint verð.

Ekki er innheimt gjald af íbúum sem koma með tilfallandi úrgang frá heimilum sínum í hóflegu magni (< 3 m<sup>3</sup> í hvert skipti).

Atvinnurekstur skal ávallt greiða fyrir móttöku og flokkun hjá söfnunarstöðinni.

## 4. gr.

Gjaldskrá þessi sem var samþykkt af sveitarstjórn Dalabyggðar 13. desember 2018 staðfestist hér með samkvæmt 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1221/2017.

*Búðardal, 13. desember 2018.*

**Kristján Sturluson** sveitarstjóri.